

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. október 2020, nýtt deiliskipulag fyrir athafnasvæði vestan Óseyrarbrautar í Þorlákshöfn. Deiliskipulagið skilgreinir auknar byggingarheimildir á þegar byggðum lóðum. Einnig skilgreinir það nýjar lóðir og byggingarheimildir á þeim. Þannig nýtist landsvæðið betur og atvinnubyggð á svæðinu þéttist. Áhersla er lögð á ásýnd og frágang lóða með tilliti til nálægrar íbúðarbyggðar til vesturs.

Deiliskipulag þetta hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Við gildistöku deiliskipulagsins falla tvær eldri skipulagsáætlanir úr gildi sem gilt hafa fyrir hluta svæðisins. Það eru skipulagsáætlanirnar um iðnaðarsvæði í Þorlákshöfn, samþykkt 26. nóvember 2009 og um Unubakka og Vesturbakka í Þorlákshöfn samþykkt þann 22. mars 2018.

Þorlákshöfn, 3. mars 2021.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2021